




Samband Íslenskra sveitarfélaga
Mars 2020

Ársskýrsla Sambands Íslenskra sveitarfélaga 2019



Tölfræði úr starfsemi sambandsins

Fundir í Borgartúni 30
árið 2019



Vefurinn www.samband.is árið 2019

◆ 18,3%

Fjölgun notenda frá árinu 2018
úr 77.642 notendum í 91.891

◆ 16,2%

Fjölgun nýrra notenda á vefnum
úr 74.567 nýjum notendum í 86.629

◆ 56,9%

Notenda á vefnum eru konur

◆ 30,3%

Notenda vefsins eru 25-34 ára
þeir voru 28,6% árið 2018

◆ 9,6%

Notenda nýta sér kjarasíðuna

◆ 5.318

Skoðuðu upplýsingasíður
sveitarfélaga

Ársskýrsla 2019

Víðsýni – Traust – Ábyrgð

© Samband íslenskra sveitarfélaga
2020/3

Borgartún 30
Pósthólf 8100
128 Reykjavík

Sími: 515 4900
Netfang: samband@samband.is
Veffang: www.samband.is
Ritstjóri og ábm.: Valur Rafn Halldórsson
Umbrot: Ingibjörg Hinriksdóttir
Ljósmyndir: Envato og Unsplash
Joshua Earle, Robert Lukeman, Trevor Cole o.fl.

SAMBANDIÐ SKAL STUNDA GÓÐA STARFSHÆTTI, SKILVIRKNI OG VÖNDUÐ VINNUBRÖGÐ, MEÐ VÍÐSÝNI, TRAUST OG ÁBYRGÐ AÐ LEIÐARLJÓSI.

Stefnumörkun

Stefnumörkun sambandsins nær til flestra meginþátta í starfsemi sambandsins og sveitarfélaga og nýtist sem sterk leiðsögn við ákvarðanatöku stjórnar og starfsmanna sambandsins árin 2018-2022.

Meginmarkmið

Verkefni sambandsins eru margháttuð, rétt eins og verkefni sveitarfélaga. Sambandið sinnir hagsmunagæslu fyrir sveitarfélögin gagnvart ríkisvaldinu, og öðrum innlendum jafnt sem erlendum aðilum. Sambandið mótar stefnu sveitarfélaganna til einstakra mála og hefur því nán samskipti við ríkisstjórn og Alþingi.

Leiðarljós

Samband íslenskra sveitarfélaga er sameiginlegur málsvari sveitarfélaganna, það þjónar sveitarfélögum á sviði vinnumarkaðsmála, annast kjarasamningsgerð og hefur fyrirvar í kjaramálum fyrir þau sveitarfélög sem veita umboð sitt til þess. Sambandið vinnur að almennri fræðslu um sveitarstjórnarmál með ráðstefnu-, námskeiða- og fundahaldi og útgáfu- og upplýsingastarfsemi fyrir sveitarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélaga.



01

Ávarp framkvæmdastjóra

Mikilvægast er að sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd, að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstigsins

Í ársskýrslu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru dregnar saman helstu upplýsingar úr starfseminni ár hvert. Starfsemi sambandsins hefur til margra ára byggt á sjö grunnstoðum; fræðslumálum, félagsþjónustu, hagsmunagæslu, kjaramálum, umhverfismálum, erlendum samskiptum og upplýsingagjöf, sem verður stöðugt umfangsmeiri með aukinni stafrænni þróun og samvinnu milli sveitarfélaga.

Það er ásetningur og metnaður sambandsins að starfsmennirnir sýni framsækni og tileinkni sér lausarmiðaða hugsun í samskiptum við alla þá sem þeir þjóna og vinna með. Slíkt á að koma fram í vinnslu og lausnum þess fjölda viðfangsefna sem tekin eru til þróunar og umsýslu á ári hverju. Í ársskýrslunni er leitast við að draga upp mynd af þessum viðfangsefnum en hún endurspeglar þó ekki nema brot af heildarverkinu. Mikilvægast er að sveitarstjórnarmenn upplifi í reynd, að sambandið vinni vel í þágu þeirra og sveitarstjórnarstigsins.

Ársskýrslan er að þessu sinni aðeins gefin út í rafrænu formi með virkum tenglum á ýmis konar ítarefni sem er að finna á vef okkar. Vona ég að þessi nýbreytni mælist vel fyrir meðal sveitarstjórnarmanna. Tækni- og þjónusturáðgjafi og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs hafa, í samvinnu við aðra starfsmenn sambandsins, haft umsjón með gerð ársskýrslunnar og kann ég þeim bestu þakkir fyrir vel unnið starf. Fyrir hönd starfsmanna sambandsins þakka ég öllum stjórnendum og starfsmönnum sveitarfélaga fyrir ánægjuleg samskipti á árinu 2019 og vona að hér birtist áhugaverðar upplýsingar um starfsemina, sem lesendur ársskýrslunnar kunna að meta.



Karl Björnsson

framkvæmdastjóri Sambands íslenskra sveitarfélaga

02 Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

AÐALMENN:

Heiða Björg Hilmsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Eyþór Laxdal Arnalds
REYKJAVÍKURBORG

Gunnar Einarsson
GARÐABÆR

Guðmundur Ari Sigurjónsson
SELTJARNARNESBÆR

Rakel Óskarsdóttir
AKRANESKAUPSTAÐUR

Bjarni Jónsson
SVEITARFÉLAGIÐ SKAGAFJÖRÐUR

Kristján Þór Magnússon
NORÐURÞING

Jón Björn Hákonarson
FJARÐABYGGÐ

Aldís Hafsteinsdóttir
HVERAGERÐISBÆR

Ásgerður K. Gylfadóttir
SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR

VARAMENN:

Skúli Þór Helgason
REYKJAVÍKURBORG

Dóra Björt Guðjónsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Hildur Björnsdóttir
REYKJAVÍKURBORG

Haraldur Sverrisson
MOSFELLSBÆR

Adda María Jóhannsdóttir
HAFNARFJARÐARKAUPSTAÐUR

Daníel Jakobsson
ÍSAFJARÐARBÆR

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir
BORGARBYGGÐ

Gauti Jóhannesson
DJÚPAVOGSHREPPUR

Guðmundur B. Guðmundsson
AKUREYRARKAUPSTAÐUR

Margrét Ólöf A. Sanders
REYKJANESBÆR

Lilja Einarsdóttir
RANGÁRÞING EYSTRA

ALDÍS HAFSTEINSDÓTTIR ER FORMAÐUR
STJÓRNAR

Framkvæmdastjóri
og sviðsstjórar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Karl Björnsson
FRAMKVÆMDASTJÓRI

62 ÁRA

Veiðimaður og afi



Valur Rafn Halldórsson
SVIÐSSTJÓRI REKSTRAR- OG
ÚTGÁFUSVIÐS

32 ÁRA

Stoltur faðir Ásbergs Rafns



Anna Guðrún Björnsdóttir
SVIÐSSTJÓRI ÞRÓUNAR- OG
ALÞJÓÐASVIÐS

63 ÁRA

Amma sem fer oft til útlanda



Sigurður Á. Snævarr
SVIÐSSTJÓRI HAG- OG
UPPLÝSINGASVIÐS

64 ÁRA

Akureyri er hans annað heimili



Guðjón Bragason
SVIÐSSTJÓRI LÖGFRÆÐI-
OG VELFERÐARSVIÐS

54 ÁRA

Lestrarhestur



Inga Rún Ólafsdóttir
SVIÐSSTJÓRI KJARASVIÐS

56 ÁRA


Heimsækir Windsor reglulega



03 Skipurit — Sambands Íslenskra sveitarfélaga




Skipurit Sambands
Íslenskra sveitarfélaga





SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
VEITTI ALLS 116 UMSAGNIR Á ÁRINU
2019.



04

Verkefni ársins 2019

Skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga er skipt upp í fimm megin svið þar sem verkefni eru margvísleg

Kjaramál


Á kjarasviði Sambands íslenskra sveitarfélaga starfa sex sérfræðingar sem hafa það megin hlutverk að veita þeim stjórnendum og sérfræðingum sveitarfélaga sem vinna við framkvæmd kjarasamninga, sérfræðiráðgjöf, upplýsingar og fræðslu um kjaramál, vinnurétt og mannauðsstjórnun. Kjarasvið annast einnig kjarasamningagerð fyrir hönd stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, túlkun kjarasamninga og vinnur að lausn ágreiningsmála sem koma upp vegna framkvæmdar kjarasamninga.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga fer með fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar við 61 stéttarfélag. Á árinu 2019 runnu allir kjarasamningar sambandsins út, flestir í lok marsmánaðar en kjarasamningar kennarafélaganna runnu út í lok júní og júlí.

Kjaraviðræður gengu mun hægar en vonir stóðu til. Þrátt fyrir að lífskjarasamningar á almennum vinnumarkaði hafi gefið merkið fyrir samninga á opinberum vinnumarkaði þá reyndust kjaraviðræðurnar mun flóknari en oftast áður.

Undir hatti kjaramálaráðs ríkis og sveitarfélaga hefur samninganefnd Sambands íslenskra sveitarfélaga haft þétt samráð við samninganefndir Reykjavíkurborgar og ríkisins í stórum stefnumótandi málum til að tryggja samræmi milli kjarasamninga á opinberum vinnumarkaði.

Samstaða sveitarfélaga við gerð kjarasamninga er mikil og mikilvæg. Síðsumars sendu Starfsgreinasambandið og Efling sveitarstjórnnum um land allt bréf þar sem farið var fram á að félagsmenn þeirra fengju innágreiðslu sem samið hafði verið um til handa félögum þeirra séttarfélaga sem samþykkt höfðu endurskoðaðar viðræðuáætlanir. Þrjú sveitarfélög létu undan þrýstingi stéttarfélaganna og brutu samstöðu sveitarfélaganna á ögurstundu, og þar með samkomulag sitt við Samband íslenskra sveitarfélaga um framsal umboðs til kjarasamningagerðar.



FJÖLDI KJARASAMNINGA SAMNINGANEFNDAR SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA ÁRIN 2015-2019

SAMSTAÐA SVEITARFÉLAGA VIÐ KJARA-
SAMNINGSGERÐ VAR ROFIN Á ÁRINU
2019.

Á fundi sínum í júlí 2019 lýsti stjórn sambandsins yfir verulegum vonbrigðum með að þrjú sveitarfélög hafi brotið ákvæði samkomulags um fullnaðarumboð sambandsins til kjarasamningsgerðar og skilaði umboðinu aftur til viðkomandi sveitarfélaga.



Árið 2019 einkenndist af erfiðum deilumálum við nokkur stéttarfélög. Fjórir dómar féllu á haustmánuðum þar sem mál voru annað hvort höfðuð gegn Sambandi íslenskra sveitarfélaga eða sambandið var til réttargæslu.

- **Félagsdómur: Eining-löjja gegn Akureyrarbæ.** Félagsdómur vísaði aðal- og varakröfum Einingar-löjju frá dómi en taldi yfirlýsingu Launaneftdar og Starfsgreinasambandsins hafa ígildi kjarasamnings og að þar með væri heimilt að bera ágreining um hvaða skilning eigi að leggja í ákvæði hennar undir Félagsdóm.
- **Hæstiréttur: Akureyrarbær gegn Einingu-löjju.** Dómurinn komst að þeirri niðurstöðu að yfirlýsing Launaneftdar sveitarfélaga frá 2009 fæli ekki í sér skuldbindingu þess efnis að geta talist hluti kjarasamnings um tiltekin réttindi eða skyldur. Hæstiréttur dæmdi einnig Alþýðusamband Íslands f.h. Starfsgreinasambandsins vegna Einingar-löjju til að greiða Akureyrarbæ 500.000 kr. í málskostnað.
- **Félagsdómur: Kennarasamband Íslands vegna Félags grunnskólakennara gegn Sambandi íslenskra sveitarfélaga.** Félagsdómur sýknaði Samband íslenskra sveitarfélaga af kröfu Kennarasambands Íslands vegna Félags grunnskólakennara

og dæmdi félagið til að greiða Sambandi íslenskra sveitarfélaga 500.000 kr. í málskostnað.

- **Félagsdómur: Alþýðusamband Íslands vegna Verkalýðsfélags Akraness gegn Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit og Sambandi íslenskra sveitarfélaga til réttargæslu.** Félagsdómur viðurkenndi kröfur Verkalýðsfélags Akraness og var Akraneskaupstað og Hvalfjarðarsveit gert að greiða félaginu 500.000 kr. í málskostnað.

Sambandið var gestgjafi fyrir kjaramálaráðstefnu norrænu sveitarfélagasambandanna. Ráðstefnan var haldin í Reykjavík í júní og tóku alls 26 sérfræðingar í vinnurétti þátt í henni. Þá var sambandið einnig gestgjafi norræns kjaramálaráðfundar vegna grunnskólakennara í september. Þann fund sátu 8 gestir frá öllum Norðurlöndunum auk fulltrúa sambandsins.

SAMBAND VIÐ NORRÆNA KOLLEGA, ER STARFA AÐ KJARAMÁLUM, VAR STYRKT Á NORRÆNUM FUNDI SEM HALDINN VAR Á ÍSLANDI 2019

FOSSAR Í NÁTTÚRU ÍSLANDS ÞURFA EKKI
AÐ VERA HÁIR EÐA VATNSMIKLIR TIL
ÞESS AÐ VERA TILKOMUMIKLIR

Parísarsamningurinn byggir að stærstu leyti á sameiginlegri ábyrgð aðildarríkjanna á að halda hlýnun jarðar af mannavöldum innan 2 °C og eins nálægt 1.5 °C og mögulegt er. Mikilvægt er að íslensk stjórnvöld geti sýnt fram á góðan árangur við að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



Úrgangsmál voru eitt heitasta umfjöllunarefnið á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga í byrjun október þar sem m.a. var rætt um útflutning úrgangs til brennslu.

Umhverfismál

Úrgangsmál voru umfangsmikill þáttur í starfsemi sambandsins á árinu. Drög að stefnu í úrgangsmálum bárust til umsagnar í júlí og veitti sambandið ítarlega umsógn um málið í byrjun september. Í lok ársins bárust sambandinu frá umhverfisráðuneytinu drög að frumvörpum um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs (hringrásarhagkerfi og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir (plastvörur). Sambandið gerði allmargar athugasemdir við bæði frumvörpin.

Eftir lagabreytingar sem tóku gildi í júní á Samband íslenskra sveitarfélaga tvo fulltrúa í loftslagsráði. Einnig hefur sambandið fengið fulltrúa í verkefnisstjórn um gerð aðgerðaáætlunar í loftslagsmálum. Sveitarstjórnarstíginu hefur með þessum hætti verið tryggður beinn þátttökuréttur í stefnumótun um loftslagsmál.

Stjórn sambandsins ákvað að boða til stofnfundar Samstarfsvettvangs sveitarfélaga um loftslagsmál og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna þann 19. júní 2019. Samstarfsvettvangnum er ætlað að efla og styrkja sveitarfélögin til samstöðu og samtals um þessa málaflokka. Fulltrúar


um 40 sveitarfélaga sátu stofnfundinn. Á fimmta tug sveitarfélaga hafa þegar skuldbundið sig til að taka þátt í samstarfinu og tekið undir yfirlýsingu þess efnis sem send var til allra sveitarfélaga.

Haldnir voru tveir tengiliðafundir í haust og voru báðir vel sóttir. Hinn fyrri var haldinn í Kópavogi undir yfirskriftinni *Heimsmarkmiðin frá sjónarhorni sveitarfélaga* en hinn síðari var haldinn í Garðabæ undir yfirskriftinni *Loftslagsáætlanir frá sjónarhorni sveitarfélaga*.

Á meðal annarra helstu verkefna á árinu má nefna að sambandið tók þátt í vinnu starfshóps um heildarendurskoðun laga um mat á umhverfisáhrifum. Einnig átti sambandið aðkomu að vinnu nefndar um gerð strandsvæðaskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum, sem hófst á árinu.



MIKILL MEIRIHLUTI PEIRRA SEM KOMU Á
FJÁRMÁLARÁÐSTEFNU SVEITARFÉLAGA
VAR ÁNÆGDUR MEÐ RÁÐSTEFNUNA



Fjármálaráðstefna sveitarfélaga er fjölsóttasta ráðstefna sem haldin er á vegum sambandsins ár hvert. Uppselt hefur verið á ráðstefnuna nokkur síðustu ár.

Þjóðhagsráð

Þjóðhagsráð var stofnað með yfirlýsingu ríkisstjórnar í tengslum við aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga í maí 2015. Markmið ráðsins er að bæta samhæfingu milli hagstjórnar og ákvarðana á vinnumarkaði. Aðilar að ráðinu skyldu vera fulltrúar ríkisstjórnar, seðlabankans og aðila vinnumarkaðarins, þ.m.t. sambandsins. Svo fór að launaþegasamtökin vildu ekki eiga aðild að ráðinu og báru fyrir sig að ekki ætti að fjalla um félagslegan stöðugleika. Nýtt samkomulag um hlutverk og umgjörð ráðsins var gert í júní 2019 og þar m.a. var tekið fram að hliðsjón skuli höfð af félagslegum stöðugleika. Samtök launþega skrifuðu einnig undir hið nýja samkomulag. Ráðið kom saman til fundar í nóvember sl. og fyrirhugaðir eru fjórir fundir árið 2020.

Ráðstefna norrænna hagdeilda

Ráðstefna hagdeilda norrænu sveitar-félagasambandanna var haldin á Ísafirði síðsumars 2019. Umfjöllunarefni ráðstefnunnar voru m.a. áskoranir smærri sveitarfélaga við að veita þjónustu, skilvirkni og stafræn þróun, öldrun samfélagsins og áskoranir tengdar henni og leiðir til að mæta þeim.

Fjármálaráðstefna sveitarfélaga

Að venju var mikill áhugi á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga. Uppselt var á hana og einhverjir þurftu frá að hverfa, en alls sóttu 480 manns ráðstefnuna. Boðið var upp á fjölda ávarpa og fyrirlestra, 35 talsins.

[Allri ráðstefnunni var streymt](#) á vef sambandsins og má nálgast upptökur eða glærur á pdf formi á vef okkar.

Málefni aldraðra

Rammasamningur Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um þjónustu hjúkrunarheimila rann út í árslok 2018 og ekki náðist samkomulag um framlengingu samningsins þá. Á árinu 2019 voru haldnir fjórir samningafundir um framhald samningsins og var nýr þjónustusamningur við hjúkrunarheimili undirritaður í lok desember. Samhliða var undirritaður samstarfssamningur en á grundvelli hans skal skipa í samstarfsnefnd sem mun nýta samningstímann til að greina raungögn um rekstrarkostnað hjúkrunarheimila. Að auki getur nefndin tekið til umfjöllunar ýmis álitæfni vegna þjónustusamnings.

Þrátt fyrir undirritun þjónustusamninga hjúkrunarheimila mun sameiginleg samninganefnd sambandsins og SFV áfram beita sér fyrir því að rekstrargrundvöllur hjúkrunarheimila verði styrktur.



Nefndaskipanir á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga

Svæði	Karlar	Konur	Alls
Höfuðborgarsvæðið	27 - (5)	33 - (11)	60 - (16)
Suðurnes	5 - (1)	4 - (1)	9 - (2)
Vesturland	2 - (1)	7 - (0)	9 - (1)
Vestfirðir	2 - (0)	2 - (1)	4 - (1)
Norðurland vestra	4 - (2)	8 - (1)	12 - (3)
Norðurland eystra	6 - (0)	4 - (1)	10 - (1)
Austurland	10 - (0)	4 - (1)	14 - (1)
Suðurland	5 - (2)	13 - (3)	18 - (5)
Sambandið	32 - (13)	49 - (25)	81 - (38)
Samtals	93 - (24)	124 - (44)	217 - (68)

Á árinu 2019 voru 68 fulltrúar skipaðir í 58 nefndir sem fulltrúar Sambands íslenskra sveitarfélaga. Alls áttu 217 fulltrúar sæti í 154 nefndum á vegum sambandsins í árslok 2019.

Konur eru í meirihluta þeirra sem eru í nefndum sem sambandið hefur tilnefnt í, 124 á móti 93 körlum eða um 57%. Á árinu 2019 voru 44 konur tilnefndar sem fulltrúar sambandsins í nefndum á móti 24 körlum sem er rétt tæplega 2/3 þeirra sem skipaðir eru.

Í töflunni hér til hliðar eru tilnefningar ársins 2019 settar í sviga fyrir aftan samtölu nefndarmanna.

Sambandið er samstarfsaðili félags- og barnamálaráðuneytisins og þingmannanefndar um að bæta þjónustu við börn með því að tryggja að öll þjónustukerfi félags-, heilbrigðis- og skólaþjónustu séu samstíga og þess gætt að ekki verði rof á þjónustu við börn.

Grá svæði í velferðarþjónustunni

Grábókarnefndin svokallaða skilaði tillögum til Jónsmessunefndar um breytt fyrirkomulag talmeinaþjónustu fyrir skólabörn. Einnig vann nefndin að tillögum um breytingar á lögum er varða fanga í afplánun með það að markmiði að skýra réttarstöðu fanga á meðan og eftir að þeir hafa lokið afplánun.

Móttaka flóttafólks

Starfshópur um innleiðingu á samræmdri móttöku flóttafólks samkvæmt tillögum ráðherraskipaðar nefndar frá því í janúar 2019 hefur á árinu unnið að því að ná niðurstöðu um nýtt greiðslufyrirkomulag ríkis til sveitarfélaga vegna samræmdrar móttöku og nánari útfærslu á nýju fyrirkomulagi móttöku.


Velferðartækni

Sambandið hefur tekið þátt í Velferðartækniþópi SSH og hefur sá hópur staðið fyrir kynningum á velferðartækni frá öðrum löndum og jafnramt hafa fyrirtæki kynnt lausnir sem þau hafa unnið að í samráði við sveitarfélög hér á landi. Sambandið efndi til vinnustofu í velferðartækni í samvinnu við Norrænu velferðarmiðstöðina í september. Markmið með vinnustofunni var að kynna fyrir sveitarfélögum árangursríkar leiðir til að innleiða velferðartækni og aðrar tæknilausnir í þjónustu við notendur.

Húsnæðismál

Átakshópur í húsnæðismálum skilaði tillögum til forsætisráðherra í byrjun árs 2019. Tillögurnar fólust í 40 aðgerðum til þess að bregðast við vanda á húsnæðismarkaði. Margar af þessum aðgerðum hafa beina snertifleti við sveitarfélögin og átti sambandið m.a. aðkomu að Byggingarvettvangi, BVV, til þess að tryggja samhæfða innleiðingu þeirra. Aðgerðirnar eru í sjö flokkum og náðist að koma flestum þeirra á rekspöl á árinu.

ÞEGAR RÆTT ER UM „GRÁ SVÆÐI“ ER ÁTT VIÐ AÐ NOTENDUR TILTEKINNAR VELFERÐARÞJÓNUSTU FÁI LAKARI ÚRLAUSN SINNA MÁLA EN EFNI STANDA TIL VEGNA ÓSKÝRRAR VERKA- OG ÁBYRGÐARSKIPTINGAR ÞEIRRA AÐILA SEM VEITA ÞJÓNUSTUNA.



843 MÁL VORU NÝSKRÁÐ Í MÁLASKRÁ SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA Á ÁRINU 2019



Lögð hefur verið mikil vinna í að stuðla að nýliðun í kennaranám og eflingu þess með því að taka upp nýtt fyrirkomulag starfsnáms kennaranema.

Skólaþing

Meginþema [Skólaþings 2019](#) var heildstæð skipan skólakerfis til framtíðar. Lögð var áhersla á að ná röddum ungs fólks og voru bæði erindi og innslög frá fulltrúum úr ungmennaráðum. Skýrsla skólaþings er aðgengileg á heimasíðu sambandsins.

Menntun fyrir alla

Sambandið tók þátt í stýrihópi um menntun fyrir alla sem felur í sér eftirfylgd við skýrslu Evrópumíðstöðvar um nám án aðgreiningar. Næsta skref í því verkefni er að móta tillögur um fjármögnun skólaþjónustu og vinna að því að jafna aðgengi nemenda og skóla að slíkri þjónustu.

Leyfisbréf kennara og verklag við ráðningar

Vinna við mótun lagaákvæða um eitt leyfisbréf kennara óháð skólastigum reyndist umfangsmikil. Lagabreytingar náðu fram að ganga í desember og voru jafnhliða gefnar út ítarlegar leiðbeiningar um verklag við ráðningu kennara og stjórnenda við leik-, grunn- og framhaldsskóla. Frekari kynning á þessum breytingum er fyrirhuguð á vormánuðum

2020 enda mun reyna á þessar breytingar við ráðningar fyrir næsta skólaár. Einnig hefur verið lögð mikil vinna í að stuðla að nýliðun í kennaranám og eflingu þess með því að taka upp nýtt fyrirkomulag starfsnáms kennaranema.

Starfsþróun kennara og skólastjórnenda

Samstarfsráð um starfsþróun kennara og skólastjórnenda lauk störfum í ágúst og skilaði skýrslu um vinnu ráðsins og tillögum um næstu skref. Einnig lauk starfshópur um fyrirkomulag samræmdra könnunarprófa vinnu sinni á árinu og skilaði skýrslu til ráðherra. Starfshópur um nemendur með annað móðurmál en íslensku er að störfum og mun skila skýrslu til ráðherra í febrúar 2020. Í skýrslunni kemur fram kortlagning á stöðu þessara nemenda í leik-, grunn- og framhaldsskólum ásamt drögum að stefnu í málaflokknum.



Málefni innflytjenda og flóttamanna
Samband íslenskra sveitarfélaga var gestgjafi árlegs fundar norræns tengiliðahóps um málefni innflytjenda og flóttamanna. Fundurinn fór fram í húsakynnum sambandsins í Borgartúni 30 og í ráðhúsi Reykjanesbæjar þar sem mest fjölgun innflytjenda hefur verið á landsvísu.

Nýsköpunarvogin

Nýsköpunarvogin, sem er norræn könnun á umfangi og eðli nýsköpunar hjá hinu opinbera, var kynnt á [Nýsköpunardeginum](#) sem fram fór 4. júní 2019. Niðurstöður könnunarinnar sýna m.a. að þátttaka almennings í nýsköpunarverkefnum er mun minni hér á landi en annars staðar á Norðurlöndum.

Jafnréttismál

Landsfundur um jafnréttismál fór fram í Garðabæ í september. Landsfundurinn er helsti viðburður ársins um jafnréttismál á sveitarstjórnarstigi. Aldrei hafa fleiri sótt fundinn en til hans komu tæplega 90 manns frá 28 sveitarfélögum.

Íbúasamráðsverkefni

Samband íslenskra sveitarfélaga og Akureyrarbær fengu á árinu 2019 styrk frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að styðja sveitarfélög í að framkvæma íbúasamráð í samræmi við aðferðir sem eru kynntar í handbók sambandsins um íbúasamráð frá 2017. Tvær vinnustofur voru haldnar um verkefnið á árinu en sænskir sérfræðingar, sem unnið hafa að hliðstæðum verkefnum með sænskum sveitarfélögum, hafa verið til ráðgjafar.

Breytingastjóri stafrænnar þjónustu

Fjóla María Ágústsdóttir var ráðin í starf breytingastjóra stafrænnar þjónustu. Henni er ætlað að leggja grunn að samstarfi sveitarfélaga um stafræn mál og sameiginlegum áhersluverkefnum þeirra.

▲ Danska fræðikonan og ráðgjafinn Anne Tortzen kom sérstaklega til landsins til að flytja framsögu á Nýsköpunardeginum um samsköpun með íbúum

▲ Kópavogsbær, Norðurþing og Stykkishólmsbær voru valin til þátttöku í íbúasamráðsverkefni til viðbótar við Akureyrarbæ.

▲ Breytingastjóri stafrænnar þjónustu kynnti sýn sína á stafræna framþróun sveitarfélaga á fjármálaráðstefnu sveitarfélaga, tveimur dögum eftir að hún tók til starfa.

Æskulýðsfulltrúi Íslands tók þátt í Sveitarstjórnarþingi Evrópuráðsins ásamt öðrum fulltrúum sambandsins.



EES EFTA sveitarstjórnarvettvangur [Vorfundur vettvangsins](#) var haldinn í Noregi. Á fundinum voru samþykktar tvær ályktanir. Annars vegar um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og áætlun ESB um sjálfbæra þróun og hins vegar um leiðbeinandi siðareglur ESB um hagnýtingu gervigreindar. Rakel Óskarsdóttir, stjórnarmaður í sambandinu, var kjörin formaður EES EFTA sveitarstjórnarvettvangsins á fundinum.

[Haustfundur Sveitarstjórnarvettvangsins](#) var haldinn í desember en á honum var samþykkt ályktun um evrópskar aðgerðir vegna lýðræðisáskorana, til að berjast gegn öfgahyggju og hatursmæðu gagnvart kjörnum fulltrúum. Einnig var samþykkt ályktun um tillögur sem gætu takmarkað svigrúm sveitarfélaga til miðbæjarskipulags vegna ákvæða í þjónustutílskipun ESB um frjálst flæði þjónustu.

Sveitarstjórnarþing Evrópuráðsins [Vorþing sveitarstjórnarþingsins](#) var haldið í apríl. Yfirskrift þingsins var „Bæjarstjórar standa vörð um lýðræðið“. Þingið samþykkti fjölmargar ályktanir, þ. á m. um þóknanir til sveitarstjórnarmanna, um aðgerðir til að berjast gegn frændhygli í ráðningum og um mikilvægt hlutverk uppljóstrara á sveitarstjórnarstigi og hvernig sé hægt að styrkja stöðu þeirra.

[Haustþingið fór fram í október](#). Á þinginu var kastljósinu beint að starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa og skorti á frambjóðendum annars vegar, og snjallborgartækifærum og netöryggisáskorunum hins vegar. Hefðbundin mál voru einnig á dagskrá, s.s. úttektir á stöðu sveitarfélaga í aðildarlöndum gagnvart Evrópusáttmála um sjálfstjórn sveitarfélaga og framkvæmd sveitarstjórnarkosninga í þeim.

SAMÞYKKT Á AUKALANDSPINGI ÞANN 6.
SEPTEMBER 2019

„Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga haldið 6. september 2019 samþykkir að mæla með því að Alþingi samþykki fyrirbyggjandi þingsályktunartillögu um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019–2033 og aðgerðaáætlun fyrir árin 2019–2023. Í tillögunni er gert ráð fyrir veglegum fjárhagslegum stuðningi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga við sameiningar sveitarfélaga og því er mikilvægt að ríkissjóður veiti sérstök fjárframlög til sjóðsins til að fjármagna þann stuðning.“



Í september var boðað til aukalandsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga. Var það gert til að ræða stefnu sambandsins gagnvart þingályktunartillögu að stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2023.

Á árinu 2019 fóru fram tvö landsþing. Hið fyrra í mars og hið síðara í september.

Á [landsþinginu í mars](#) sagði Aldís Hafsteinsdóttir í setningarræðu sinni m.a. að efling sveitarstjórnarstigsins væri það mál sem helst brenni á sveitarstjórnarfólki. Sagði hún einnig frá starfhópi um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga sem myndi gefa út skýrslu sína í júní. Sú skýrsla varð síðar til þess að boðað var til aukalandsþings í september.

Á þinginu í mars var samþykkt ályktun vegna áforma um skerðingu á framlögum til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og sagði í ályktuninni að vinnubrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins í málinu væru með öllu óásættanleg. Þar sagði einnig:

„Landsþing sambandsins fer fram á að ríkisstjórn og Alþingi tryggji að samskipti ríkis og sveitarfélaga verði á jafnræðisgrundvelli þar sem virðing og traust ríki á milli aðila. Slík samskipti hafa verið að byggjast upp undanfarin ár með góðum árangri, en er nú ógnað af hálfu ríkisins með því frumhlaupi sem landsmenn hafa orðið vitni að í þessu máli.“ Samgöngumál, kjaramál og húsnæðismál voru einnig fyrirferðarmikil á landsþinginu í mars m.a. með aðkomu samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra en ekki voru samþykktar tillögur eða ályktanir um þau mál.

Aukalandsþing í september

[Aukalandsþing](#), sem var númer 34. í röð landsþinga, var haldið 6. september 2019. Eitt umfjöllunarefni var á þinginu; Tillaga að stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2023 og aðgerðaráætlun fyrir árin 2019-2023.

Ljóst var áður en til þingsins kom að skiptar skoðanir voru um tillöguna. Framsögur héldu Valgarður Hilmarssonar, formaður starfhóps stefnumótandi áætlunar um málefni sveitarfélaga, og Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra. Formaður sambandsins, Aldís Hafsteinsdóttir, lagði fram tillögu um að landsþingi styddi þingsályktunartillöguna. Tillaga formannsins var samþykkt með þorra atkvæða.

Úrsögn Tjörneshrepps

Eftir þingið sagði Tjörneshreppur sig úr Sambandi íslenskra sveitarfélaga og tekur úrsögnin gildi á XXXV. landsþingi sem fram fer 26. mars 2020. Er þetta í fyrsta sinn sem sveitarfélag segir sig frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Vegna áforna ríkisins um að skerða tekjur jöfnunarsjóðs, sem fram komu í tillögu að fjármálaáætlun, var viðræðum við ríkið um samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga slitið.



Skerðingar á jöfnunarsjóði

Vegna áforma ríkisins um að skerða tekjur jöfnunarsjóðs, sem fram komu í tillögu að fjármálaáætlun, var viðræðum við ríkið um samkomulag um afkomu og efnahag sveitarfélaga slitið. Jafnframt var samstarfi í Samráðsnefnd um opinber fjármál slitið. Á þeim tíma lágu fyrir nokkuð vel mótuð drög að samkomlagi aðila. Eftir að það lá fyrir að ríkisstjórnin myndi draga þessi skerðingaráform til baka, í kjölfar mikilla mótmæla sambandsins og sveitarfélaga, vegna þessara áforma, kom sambandið á framfæri vilja sínum til að taka viðræður upp að nýju við fjámála- og efnahagsráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála. Engin formleg viðbrögð hafa komið frá þessum ráðherrum. Á hinn bóginn kom Jónsmessunefnd saman í október og ákvað að taka upp að nýju reglulega fundi þar sem nýtt samkomulag vegna næsta árs yrði undirbúið.

Byggðamál

Sambandið hefur lagt áherslu á byggðahagsmuni sveitarfélaga í starfi stýrihóps um byggðamál og lagt áherslu á að málefni sveitarfélaga séu í forgrunni við mótun byggðastefnu.

Fráveituframkvæmdir

Í viðræðum við ráðherra sveitarstjórnarmála, fjármála- ráðherra, og þingnefndir hefur sambandið lagt áherslu á að ígildi virðisaukaskatts á fráveituframkvæmdir verði endurgreitt.

Ferðaþjónusta

Þrátt fyrir að formaður og framkvæmdastjóri sambandsins hafi ítrekað reynt að fá ráðherra og ríkisvaldið til að samþykkja hlutdeild sveitarfélaga í tekjum af ferðaþjónustu hefur enginn árangur náðst enn. Þó er rétt að benda á að fjallað er um málið í tillögu að þingályktunartillögu um almenna endur-skoðun á tekjustofnum sveitarfélaga sem nú liggur fyrir á Alþingi.


Samfélagsábyrgð

[Stefna sambandsins um samfélagsábyrgð](#) var samþykkt á árinu 2019 og er hún aðgengileg á vefnum. Í stefnunni er mælt fyrir um hvernig sambandið muni haga starfsemi sinni til að koma til móts við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og hvaða mælikvörðum verður beitt til að mæla árangur af þeirri vinnu.





AF 72 SVEITARFÉLÖGUM SEM ÁTTU AÐILD AÐ SAMBANDI ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA ÁRIÐ 2019 MÆTTU FULLTRÚAR 57 SVEITARFÉLAGA TIL LANDSPINGS Í MARS EN 65 Á AUKALANDSPING Í SEPTEMBER.

XXXIII. og XXXIV. landsþing sambandsins



XXXIII. landsþing, 29. mars 2019



XXXIV. landsþing, 6. september 2019
- Aukalandsþing

Tölfræði úr starfsemi sambandsins

Upptökur af fundum á árinu 2019

71%

Funda sem sambandið stóð fyrir eða vann að í samvinnu við aðra voru teknir upp, 27 af 38

5.706

Horfðu á upptökur frá fundum á árinu 2019. Flestir horfðu á erindi Sivjar Friðleifsdóttur um skólasókn og skólaforðun, 197 alls

1.349

Fjöldi myndbanda sem horft var á til enda. Flestir horfðu til enda á erindi Páls Magnússonar um almenna innleiðingu heimsmarkmiða Sp, 29 talsins

3.940

Horfðu á upptökur úr borð- eða fartölvum, 1.416 í síma, 348 á spjaldtölvu og 2 í gegnum Apple TV

33 dagar

Samtals var horft á upptökur frá árinu 2019 í 33 daga, 10 klst, 7 mínútur og 45 sekúndur

195

Erindi voru tekin upp á 27 fundum eða 7,2 erindi að meðaltali á hverjum fundi



Við árslok 2019 voru **starfsmenn** sambandsins 29 talsins í 28,3 stöðugildum

Starfsmenn sambandsins í lok árs 2019

Framkvæmdastjóri:

Karl Björnsson

Hag- og upplýsingasvið:

Sigurður Á. Snævarr sviðsstjóri

Jóhannes Á. Jóhannesson sérfræðingur

Valgerður Freyja Ágústsdóttir sérfræðingur

Kjarasvið:

Inga Rún Ólafsdóttir sviðsstjóri

Benedikt Þór Valsson hagfræðingur

Berglind Eva Ólafsdóttir sérfræðingur

Bjarni Ómar Haraldsson sérfræðingur

Ellisif Tinna Víðisdóttir lögfræðingur

Margrét Sigurðardóttir sérfræðingur

Lögfræði- og velferðarsvið:

Guðjón Bragason sviðsstjóri

Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur

Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri

Klara E. Finnbogadóttir sérfræðingur

María Ingibjörg Kristjánsdóttir

félagsþjónustufulltrúi

Svandís Ingimundardóttir skólamálafulltrúi

Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur

Vigdís Ósk Häsler Sveinsdóttir lögfræðingur*

Þórður Kristjánsson sérfræðingur

Rekstrar- og útgáfusvið:

Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri

Guðmunda Oliversdóttir bókari

Ingibjörg Hinriksdóttir, tækni-

og þjónusturáðgjafi

Kolbrún Erna Magnúsdóttir skjalastjóri

Ragnheiður Snorradóttir gjaldkeri

Sigríður Inga Sturludóttir móttökuritari

Þóra Helgadóttir, bókari og launafulltrúi

Þróunar- og alþjóðasvið:

Anna Guðrún Björnsdóttir sviðsstjóri

Fjóla María Ágústsdóttir, breytingastjóri

stafrænnar þjónustu

Óttar Freyr Gíslason, forstöðumaður

Brussel-skrifstofu sambandsins

Starfsemi á skrifstofu sambandsins

▲ Samband íslenskra sveitarfélaga hlaut jafnlaunavottun á árinu 2019.

▲ Á skrifstofu sambandsins er starfandi mjög öflugt starfsmannafélag. Meðal fastra viðburða er árshátíð, keilukeppni, skreytingakeppni og litlu-jólin

▲ Nokkrum sinnum á ári efnir sambandið til „hádegisakademíu“ fyrir starfsmenn þar sem þeir fá fræðslu um ýmis mál. Má þar nefna fræðslu um snjallborgina Reykjavík, stafræna framþróun og um aðstæður á húsnaðismarkaði.

* Lauk störfum 31.12.2019

05

Ársreikningur
Sambands íslenskra sveitarfélaga
2019

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	39	Efnahagsreikningur.....	43
Áritun óháðs endurskoðanda	40	Sjóðstreymisyfirlit.....	44
Rekstrarreikningur.....	42	Skýringar.....	45

Skýrsla og áritun stjórnenda

Samband íslenskra sveitarfélaga var stofnað árið 1945 og er meginhlutverk þess að vera sameiginlegur málsvári sveitarfélaganna í landinu og að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum þeirra og samstarfi. Öll sveitarfélögin, 72 að tölum, eru aðilar að sambandinu.

Á árinu 2009 var stofnaður sérstakur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, og er gerð nánari grein fyrir honum í skýringu 2.

Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2019 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Í ársreikningnum er gerð grein fyrir reikningsskilaaðferðum sem eru þær sömu og á fyrra ári.

Samkvæmt rekstrarreikningi voru rekstrartekjur 666,6 m.kr. á árinu 2019 en rekstrargjöld 653,3 m.kr. Rekstrarafkoma ársins fyrir fjármagnsliði var því jákvæð um 13,3 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunatekna og fjármagnsgjalda var afkoma ársins jákvæð um 13,7 m.kr.

Laun og launatengd gjöld samkvæmt rekstrarreikningi námu samtals 474,9 m.kr. Þar af eru laun vegna stjórnar, nefnda og ráða 27,4 m.kr. Ársverk starfsmanna voru 28,5.

Heildareignir sambandsins samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2019 nema 254,9 m.kr. en skuldir námu 76,7 m.kr. Eigið fé samkvæmt efnahagsreikningi nam 178,2 m.kr. í árslok 2019.

Stjórn, framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rektrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sambandsins fyrir árið 2019 með undirritun sinni.

Reykjavík 28. febrúar 2020.

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Sambands íslenskra sveitarfélaga („sambandið“) fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstremisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu sambandsins 31. desember 2019 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlumum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð sambandinu í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi sambandsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa sambandið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt getu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda frh.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi sambandsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni haft neikvæð áhrif á rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. febrúar 2020

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur ársins 2019

Skýr.	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
Rekstrartekjur:			
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	511.155.656	510.400.000	478.952.576
Seldar vörur og þjónusta	106.497.919	135.076.000	136.127.605
Aðrar tekjur	48.949.959	32.250.000	42.346.508
10	<u>666.603.534</u>	<u>677.726.000</u>	<u>657.426.689</u>
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld.....11	474.945.541	484.131.000	448.607.185
Annar rekstrarkostnaður.....12	176.168.160	187.611.001	180.667.669
Afskriftir.....14	2.176.493	2.176.000	2.176.493
	<u>653.290.194</u>	<u>673.918.001</u>	<u>631.451.347</u>
Rekstrarafkoma ársins	<u>13.313.340</u>	<u>3.807.999</u>	<u>25.975.342</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):			
Vaxtatekjur.....	510.894	924.000	773.198
Vaxtagjöld.....	(88.719)	(27.493)	(299.920)
	<u>422.175</u>	<u>896.507</u>	<u>473.278</u>
Afkoma ársins.....16, 20	<u>13.735.515</u>	<u>4.704.506</u>	<u>26.448.620</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir

	Skýr.	2019	2018
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
65% fasteignarinnar að Borgartúni 30, 5. hæð, Rvk.....	6, 14	76.694.383	78.870.876
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum.....	7	120.711	120.711
		<u>76.815.094</u>	<u>78.991.587</u>
Veltufjármunir:			
Óinnheimtar tekjur.....	15	26.400.172	24.793.654
Ýmsar skammtímakröfur.....	15	45.796.075	73.497.838
Handbært fé.....	8	105.882.966	69.696.677
		<u>178.079.213</u>	<u>167.988.169</u>
		<u>254.894.307</u>	<u>246.979.756</u>

Eigið fé og skuldir

Eigið fé:			
Eiginfjárreikningur.....	16	178.203.031	164.467.516
Skammtímaskuldir:			
Viðskiptaskuldir.....		18.245.930	27.305.957
Aðrar skammtímaskuldir.....		58.445.346	55.206.283
		<u>76.691.276</u>	<u>82.512.240</u>
		<u>254.894.307</u>	<u>246.979.756</u>

Sjóðsstreymisýfirlit árið 2019

	Skýr.	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
Rekstrarhreyfingar:				
Afkoma ársins samkvæmt rekstrarreikningi.....	16	13.735.515	4.704.506	26.448.620
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:				
Afskriftir.....	14	2.176.493	2.176.493	2.176.493
Veltufé frá rekstri		15.912.008	6.880.999	28.625.113
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:				
Skammtímafröfur lækkun (hækkun).....		26.095.245	(2.184.623)	(19.232.002)
Skammtímaskuldir (lækkun), hækkun		(5.820.964)	(7.459.306)	11.109.222
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum.....		20.274.281	(9.643.929)	(8.122.780)
Handbært fé frá, (til) rekstrar		36.186.289	(2.762.930)	20.502.333
Fjárfestingarhreyfingar:				
Framlag til Bakhjarls sambandsins		0	0	(25.000.000)
		0	0	(25.000.000)
Hækkun, (lækkun) á handbæru fé.....		36.186.289	(2.762.930)	(4.497.667)
Handbært fé í ársbyrjun.....		69.696.677	69.405.764	74.194.344
Handbært fé í árslok		105.882.966	66.642.834	69.696.677

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

- 1 Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.
- 2 Á árinu 2009 var stofnaður sérstaktur tryggingasjóður, Bakhjarl Sambands íslenskra sveitarfélaga, til að annast vörslu og ávöxtun þeirra fjármuna sem komu í hlut sambandsins við uppgjör Bjargráðasjóðs á því ári. Markmiðið er að raunvextir fjármuna Bakhjarls, og eftir atvikum höfuðstóll hans, verði á hverjum tíma nýttir til að standa undir lífeyrisskuldbindingum vegna starfsmanna sambandsins og fyrrverandi starfsmanna Bjargráðasjóðs. Einnig er Bakhjarli ætlað að standa á bak við rekstur sambandsins, eins og nafn hans gefur til kynna. Ekki kom til þess að veitt yrði sérstakt rekstrarframlag úr Bakhjarli til sambandsins á árinu 2019, en lífeyrisskuldbinding sambandsins og áhrif af uppgjöri við Brú lífeyrissjóð vegna starfsmanna sambandsins eru færð í bókhaldi Bakhjarls. Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir tryggingarsjóðinn.
- 3 Samband íslenskra sveitarfélaga hefur sameiginlegt skrifstofuhald með Lánasjóði sveitarfélaga ohf., samkvæmt sérstökum samningi sem gerður var á árinu 2004. Sambandið og Lánasjóður sveitarfélaga eiga og reka saman skrifstofuhúsnæði á 5. hæð í Borgartúni 30.

Sameiginlegur skrifstofukostnaður samstarfsstofnana á árinu kemur fram í skýringu 13 í ársreikningnum. Til gjalda í rekstri er færð hlutdeild sambandsins í rekstri húsnæðis, en hlutdeild samstarfsstofnana í öðrum rekstrarkostnaði er færð meðal tekna.

Innlausn tekna

- 4 Megintekjustofn sambandsins er framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og er það fært til tekna mánaðarlega miðað við útborgun sjóðsins. Framlagið byggist á lögum nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga með síðari breytingum og nemur 1,59% af almennu framlagi ríkissjóðs til jöfnunarsjóðsins og 1,59% af hlutdeild jöfnunarsjóðs í útsvarstekjum sveitarfélaga.

Tekjur af sölu vöru og þjónustu eru færðar þegar afhending hefur farið fram og kröfuréttur myndast.

Færsla gjalda

- 5 Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljenda hefur myndast.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 6 Eignarhlutur í fasteign er færður til eignar á kostnaðarverði að frádragnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími er þannig:

Fasteign50 ár

Kostnaður vegna endurnýjunar á skrifstofubúnaði er gjaldfærður í rekstrarreikningi.

Eignarhlutir í félögum

- 7 Sambandið á eignarhlut í Endurvinnslunni hf. og er hann færður til eignar í efnahagsreikningi á framreiknuðu kostnaðarverði 89.461 kr. til ársloka 2001. Á árinu 2010 var lagt fram hlutafé í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. að fjárhæð 31.250 kr. og er það fært til eignar í efnahagsreikningi á kostnaðarverði.

Handbært fé

- 8 Sjóðir og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

Fjárhagsáætlun

- 9 Fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2019 er hluti ársreikningsins og er hún birt í rekstrarreikningi, sjóðstremisýfirliti og skýringum.

Skýringar frh.

Rekstrartekjur

10 Rekstrartekjur greinast þannig:

	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.....	511.155.656	510.400.000	478.952.576
	<u>511.155.656</u>	<u>510.400.000</u>	<u>478.952.576</u>
Seldar vörur og þjónusta:			
Sveitarfélög	49.506.263	74.426.000	80.696.786
Ráðstefnu- og námskeiðsgjöld.....	15.349.500	12.505.000	18.097.900
Bækur, auglýsingar o.fl.....	5.432.318	3.270.000	2.839.024
Samstarfsstofnanir.....	36.209.838	44.875.000	34.493.895
	<u>106.497.919</u>	<u>135.076.000</u>	<u>136.127.605</u>
Aðrar tekjur:			
Ráðuneyti og ríkisstofnanir.....	2.444.290	5.100.000	5.913.460
Önnur framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga	44.634.341	25.400.000	36.433.048
Styrkir og endurgreiðslur.....	1.871.328	1.750.000	0
	<u>48.949.959</u>	<u>32.250.000</u>	<u>42.346.508</u>
Rekstrartekjur samtals.....	<u>666.603.534</u>	<u>677.726.000</u>	<u>657.426.689</u>

Starfsmannamál

11 Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
Laun.....	385.299.023	365.376.000	358.897.498
Launatengd gjöld.....	89.170.036	118.755.000	83.380.264
Áfallið orlof, breyting.....	476.482	0	6.329.423
	<u>474.945.541</u>	<u>484.131.000</u>	<u>448.607.185</u>
Ársverk starfsmanna.....	28,5	28,3	28,1

Annar rekstrarkostnaður

	Ársreikningur 2019	Fjárhagsáætlun 2019	Ársreikningur 2018
12 Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:			
Vörukaup.....	30.251.363	30.803.201	28.255.296
Þjónustukaup.....	140.601.557	151.523.850	144.296.032
Skattar og opinber gjöld.....	3.985.240	4.283.950	3.715.441
Styrkir og framlög.....	1.330.000	1.000.000	4.400.900
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>176.168.160</u>	<u>187.611.001</u>	<u>180.667.669</u>

Skýringar frh.

Sameiginlegur kostnaður samstarfsstofnana

- 13 Sameiginlegur kostnaður sambandsins og Lánasjóðs sveitarfélaga ohf., sbr. skýringu 3, nam 173,9 m.kr. á árinu 2019 og skiptist hann þannig:

	Sambandið	Lánasjóður	Samtals
Rekstur húsnæðis.....	14.878.793	8.011.658	22.890.451
Annar sameiginlegur kostnaður.....	129.219.655	21.775.356	150.995.011
Samtals.....	144.098.448	29.787.014	173.885.462
Hlutfall.....	82,9%	17,1%	100%

Varanlegir rekstrarfjármunir

- 14 Bókfært verð 65% eignarhluta sambandsins í 5. hæð fasteignarinnar að Borgartúni 30 greinist þannig:

Stofnverð 1.1.2019.....	108.824.660
Afskrifað áður.....	(29.953.784)
Bókfært verð 1.1.2019.....	78.870.876
Afskrifað á árinu.....	(2.176.493)
Bókfært verð 31.12.2019.....	76.694.383
Stofnverð 31.12.2019.....	108.824.660
Afskrifað samtals 31.12.2019.....	(32.130.277)
Bókfært verð 31.12.2019.....	76.694.383
Afskriftahlutfall.....	2%

Fasteignamat eignarhlutans nemur 196,9 m.kr. í árslok 2019.

Brunabótamat eignarhlutans nemur 209,3 m.kr. á sama tíma.

Skammtíma kröfur

- 15 Óinnheimtar tekjur og ýmsar skammtíma kröfur samkvæmt efnahagsreikningi námu 72,2 m.kr. í árslok 2019. Kröfurnar eru nær eingöngu á opinbera aðila og er því ekki gerð óbein niðurfærsla á kröfunum í árslok.

Eigið fé

- 16 Eigið fé greinist þannig:

Eigið fé 1.1. 2019.....	164.467.516
Afkoma ársins.....	13.735.515
Eigið fé 31.12. 2019.....	178.203.031

Lykiltölur

17 Helstu lykiltölur:	2019	2018
Veltufjárhlutfall - Veltufjármunir/skammtímaskuldum.....	2,32	2,04
Eiginfjárhlutfall - Eigið fé/heildarfjármagni.....	69,9%	66,6%

Skýringar frh.

Kjarasvið - kjaramál

- 18 Á XXIV. landsþingi Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldið var á Akureyri í september 2010 var samþykkt að leggja Launanefnd sveitarfélaga niður og fela sambandinu að sinna því hlutverki í kjaramálum sem launanefndin hafði haft frá árinu 1982 þegar hún var stofnuð. Kjarasvið sambandsins hefur yfirumsjón með kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga gagnvart viðsemjendum sveitarfélaganna, en stjórn sambandsins setur markmið og mótar stefnu sambandsins í kjaramálum. Sviðsstjóri kjarasviðs og framkvæmdastjóri sambandsins bera síðan ábyrgð á að markmiðum og stefnu sambandsins í kjarasamningagerð sé fylgt. Jafnframt hefur stjórn sambandsins skipað 5 manna kjaramálanefnd til ráðgjafar fyrir sig og starfsmenn kjarasviðs.

Sveitarfélögin endurgreiða sambandinu hluta af kostnaði við kjarasamningagerð og framkvæmd kjarasamninga.

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
Starfsmat:			
Vörukaup.....	16.823	0	0
Þjónustukaup.....	38.589.440	33.526.000	39.796.785
Samtals kostnaður.....	38.606.263	33.526.000	39.796.785
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(38.606.263)	(33.526.000)	(39.796.785)
Samtals.....	0	0	0
Kostnaðarhlutdeild:			
Hlutdeild í sérkostnaði kjarasviðs.....	5.000.000	35.000.000	35.000.000
Endurgreiðslur sveitarfélaga.....	(5.000.000)	(35.000.000)	(35.000.000)
Samtals.....	0	0	0

- 19 Viðskiptareikningur sveitarfélaga hjá sambandinu vegna kjaramála greinist þannig:

	Ársreikningur 2019	Áætlun 2019	Ársreikningur 2018
Staða í ársbyrjun.....	61.184.784	61.184.786	42.844.462
Starfsmat, sbr. skýringu 18.....	38.606.263	33.998.000	39.796.785
Kostnaðarhlutdeild, sbr. skýringu 18.....	5.000.000	35.000.000	35.000.000
Reikningsfært á sveitarfélög á árinu.....	(66.344.595)	(65.000.000)	(56.456.463)
Staða í árslok.....	38.446.452	65.182.786	61.184.784

Skýringar frh.

Sundurliðun rekstrarreiknings

20 Rekstrartekjur og rekstrargjöld sundurliðast þannig eftir viðfangsefnum í þús.kr.:

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
Sameiginlegar tekjur				
Framlag jöfnunarsjóðs	0	511.156	(511.156)	(510.400)
Samtals	0	511.156	(511.156)	(510.400)
Yfirstjórn				
Landsþing	2.946		2.946	2.900
Sambandsstjórn	33.256		33.256	34.514
Síðanefnd	1.267		1.267	634
Endurskoðun og reikningsskil	2.261		2.261	2.500
Aðrar nefndir og sérverkefni	7.853	392	7.461	15.820
Innlent samstarf	305		305	877
Norrænt samstarf	430		430	1.760
Fulltrúaráð CEMR	844		844	2.011
Sveitastjórnarvettvangur EFTA	646		646	707
Annað erlent samstarf	154		154	575
Samtals	49.962	392	49.570	62.298
Rekstrar- og útgáfusvið				
Sérkostnaður sviðsins	161.904	32.684	129.220	134.877
Samtals	161.904	32.684	129.220	134.877
Hag- og upplýsingasvið				
Sérkostnaður sviðsins	53.182	480	52.702	51.256
Upplýsingaveita sveitarfélaga	1.525		1.525	1.525
Samtals	54.707	480	54.227	52.781
Kjarasvið				
Sérkostnaður sviðsins	116.165	5.000	111.165	78.780
Starfsmat	38.606	38.606	0	0
Kjaramálanefnd	111	0	111	1.007
Samtals	154.882	43.606	111.276	79.787
Þróunar- og alþjóðasvið				
Sérkostnaður sviðsins	24.712	4.000	20.712	21.905
Brussel-skrifstofa	20.138	23.000	(2.862)	974
Samtals	44.850	27.000	17.850	22.879

Skýringar frh.

	Gjöld	Tekjur	Staða	Fjárhagsáætlun
<i>Lögfræði og velferðarsvið</i>				
Sérkostnaður sviðsins	130.480	21.504	108.976	119.509
Samstarfsverkefni í úrgangsmálum	12.510	9.000	3.510	6.928
Félagsþjónustunefnd	817		817	1.328
Skipulagsmálanefnd	978		978	1.096
Fræðslumálanefnd	1.333		1.333	1.744
Samtals	146.118	30.504	115.614	130.605
<i>Ráðstefnur og námskeið</i>				
Ráðstefnur	13.138	14.815	(1.677)	0
Námskeið	511	534	(23)	1.015
Samtals	13.649	15.349	(1.700)	1.015
<i>Útgáfu- og kynningarmál</i>				
Tímaritið Sveitarstjórnarmál	3.732	4.783	(1.051)	(1.450)
Árbók sveitarfélaga	592	602	(10)	0
Rit til endursölu	0	47	(47)	0
Upplýsingavefur sambandsins	1.773	0	1.773	2.542
Önnur fræðslu- og kynningarrit	0	0	0	416
Samtals	6.097	5.432	665	1.508
<i>Hlutdeild í rekstri húsnæðis</i>				
Borgartún 30	22.891	0	22.891	24.658
Hlutdeild samstarfsstofnana	(8.012)	0	(8.012)	(8.630)
Samtals	14.879	0	14.879	16.028
<i>Sameiginlegur kostnaður</i>				
Afskriftir	2.176		2.176	2.176
Annar starfsmannakostnaður	3.241		3.241	2.777
Staðgr. fjármagnstekjuskattur	110		110	200
Þjónustugjöld banka	239		239	161
Samtals	6.242	0	6.242	4.814
Alls rekstur	653.290	666.603	(13.313)	(3.808)
<i>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</i>				
Vaxta- og verðbótat. af veltufjm.	0	501	(501)	(894)
Vaxta- og verðbótagj. af skammtsk.	88	0	88	22
Arður af hlutabréfum	0	10	(10)	(25)
Samtals	88	511	(423)	(897)
Alls	653.378	667.114	(13.736)	(4.705)

